

Reykjavík, 15. maí, 2024

Fjármálaáætlun 2025-2029

Umsögn frá Íslandsstofu

Samkvæmt fjármálaáætlun fyrir árin 2025-2029 er gert ráð fyrir því að tekjur Íslandsstofu breytist frá því sem gert er ráð fyrir í lögum um Íslandsstofu frá árinu 2018. Í lögnum kemur fram að tekjur Íslandsstofu skuli aldrei vera lægri en sem nemur markaðsgjaldi. Í fjármálaáætlun kemur hins vegar fram að tekjur Íslandsstofu verði lægri en sem nemur markaðsgjaldinu og það sem eftir stendur muni renna í ríkissjóð. Lögum um Íslandsstofu verði breytt til að þessi áform nái fram að ganga.

Samkvæmt forsendum fjármálaáætlunar er gert ráð fyrir að tekjur Íslandsstofu skerðist um tæplega 1.100 milljónir króna á tímabilinu verði umræddar breytingar að veruleika. Þessar tekjur átti að nýta í þjónustu við íslenskt atvinnulíf í þeim tilgangi að auka útflutning, útflutningstekjur og hagvöxt. Til samanburðar eru heildartekjur Íslandsstofu tengdar markaðsgjaldi 1.164 milljónir kr. á árinu 2024.

Ljóst er að þessi áform myndu gerbreyta forsendunum fyrir starfsemi Íslandsstofu. Slík raunskerðing á fjármunum til að sinna erlendu markaðsstarfi í þágu allra útflutningsgreina mun hafa veruleg áhrif á möguleika Íslandsstofu til að rækja það hlutverk sem henni er ætlað. Að auki er með þessu verið að nýta gjald, sem er dregið af atvinnulífinu í ákveðnum tilgangi, í allt annað en ætlað var.

Þróun hlutverks og fjármögnunar markaðsstarfs

Íslandsstofa og forverar hennar, Útflutningsráð og Útflutningsmiðstöð hafa frá upphafi starfað á einkaréttarlegum grunni og þeim var aldrei ætlað að vera opinbert stjórnvald eða opinber stofnun. Hlutverkið hefur frá upphafi snúist um eflingu útflutnings, samstarf atvinnulífs og stjórnvalda og þjónustu við útflutningsfyrirtæki í þeim tilgangi að auka útflutning, útflutningstekjur og hagvöxt.

Í upphafi kom grunnfjármögnun starfseminnar beint frá atvinnulífinu, fyrst í formi hlutfalls af útflutningsgjaldi sjávarútvegs og iðnlánasjóðsgjaldi, en síðar aðstöðugjaldi. Helsta gagnrýni á fyrirkomulag gjaldtökunnar var að hún þótti leggja misþungar byrðar á atvinnugreinarnar. Ákveðin festa náðist þegar markaðsgjaldið var sett á laggirnar árið

1993, en gjaldið var í fyrstu tengt veltu fyrirtækja. Enn þótti gjaldið hins vegar leggjast misjafnlega þungt á atvinnugreinarnar.

Núverandi markaðsgjald verður til

Markaðsgjaldið í núverandi mynd var sett á laggirnar árið 1998, en þá var með lögum ákveðið að markaðsgjaldið skyldi reiknast sem hluti af gjaldstofni tryggingagjalds. Hér náðist loks sátt um dreifingu gjaldsins meðal atvinnugreina, enda endurspeglar stofn tryggingagjaldsins betur umfang atvinnulífsins í heild sinni en velta þess. Við stofnun Íslandsstofu árið 2010 var ákveðið að höfuðtekjustofn hennar yrði áðurnefnt markaðsgjald, en að auki aðrar tekjur í formi framlaga og þóknana.

Breytingin 2018 á Íslandsstofu

Árið 2018 var gerð breyting á lögum um Íslandsstofu, unnin á grunni skýrslu starfshóps skipuðum af utanríkisráðherra. Markmiðið með breytingunni var m.a. að efla samstarf atvinnulífs og stjórnvalda við markaðsstarf á erlendum mörkuðum, nýta fjármuni með markvissari hætti og efla enn frekar þá sókn sem verið hafði í markaðsstarfi. Eitt meginsteifið í skýrslu starfshópsins var það markmið að tvöfalda útflutningsverðmæti vöru og þjónustu fram til ársins 2030. Er hér byggt á áliti ráðgjafafyrirtækisins McKinsey sem taldi slíka tvöföldun nauðsynlega til að viðhalda hagvexti á Íslandi. Full samstaða náðist með Samtökum atvinnulífsins um þær breytingar sem lagðar voru til, enda var mætt óskum þeirra um úrbætur í starfsemi Íslandsstofu. Helstu breytingarnar voru:

Rekstrarform: Rekstrarformi Íslandsstofu var breytt og skýrt kveðið á um að hún skuli rekin sem sjálfseignarstofnun á einkaréttarlegum grunni í samstarfi atvinnulífs og stjórnvalda.

Langtímastefnumótun: Í fyrsta sinn var kveðið á um langtímastefnumótun í útflutnings- og markaðsmálum sem unnin verði í breiðri samvinnu atvinnulífs og stjórnvalda og var Íslandsstofu falið skýrt hlutverk við mótun og framkvæmd stefnunnar. Tilgangurinn með langtímastefnunni var að stuðla að auknum útflutningstekjum og hagvexti. Í lögnum sagði einnig að beita skuli mælanlegum markmiðum og mælikvörðum til að styðja við aukningu útflutningstekna og hagvöxt.

Fjármögnun: Áhersla var lögð á að tryggja festu og fyrirsjáanleika í fjármögnun markaðsstarfs til lengri tíma og var ákveðið að fjármögnun rekstrar Íslandsstofu yrði áfram tengd markaðsgjaldinu, sem var talið vera framlag atvinnulífsins til að uppfylla markmið laganna.

Forsenda samstarfs milli stjórnvalda og atvinnulífs

Hafa ber í huga að þegar á þessari vinnu stóð var nýbúið að gera lagabreytingu um afnám markaðra tekjustofna og í aðdraganda þeirrar lagasetningar komu fram

áhyggjuraddir bæði frá stjórnvöldum og atvinnulífinu. Samtök atvinnulífsins gerðu kröfu um að markaðsgjald yrði fellt niður ef bein tengsl þess við Íslandsstofu yrðu rofin og Utanríkisráðuneytið benti á nauðsyn þess að viðhalda tengslum milli markaðsgjalds og framlaga til Íslandsstofu.

Þessum áhyggjum mætti fjármálaráðuneytið með því að segja í greinargerð með frumvarpi laganna að „fjármögnun Íslandsstofu af hálfu ríkisins verði efnislega eins og verið hefur, utan þess að markaðsgjaldið sem slíkt rennur í ríkissjóð en samsvarandi fjárhæð verði ráðstafað til stofnunarinnar með fjárveitingu á grundvelli heimildar í fjárlögum“. Í lögunum um Íslandsstofu var þessi skilningur enn frekar festur í sessi, en þar segir að tekjur Íslandsstofu skuli aldrei vera lægri en sem nemur markaðsgjaldi og verði mismunur á áætluðum tekjum markaðsgjalds og rauntekjum af gjaldinu er gert ráð fyrir að leiðrétting verði gerð á því í fjárveitingum árið eftir.

Ljóst er af framansögðu að ofangreindur skilningur á hlutverki og fyrirkomulagi markaðsgjaldsins hafi verið mikilvægur grundvöllur fyrir því samkomulagi sem náðist milli stjórnvalda og atvinnulífsins um fyrirkomulag samstarfs um eflingu útflutnings og markaðsstarfs á erlendi grundu. Bæði náðist þar sátt um það starf sem Íslandsstofu var falið að sinna og þá fjármögnun sem lá starfinu til grundvallar og sótt er til atvinnulífsins.

Samstarfið milli stjórnvalda (fjármálaráðherra) og Samtaka atvinnulífsins var svo innsiglað með undirritun skipulagsskrár Íslandsstofu þann 3. september, 2018.

###